



45. SIGLINGAÞING

Ársskýrsla og ársreikningar
Siglingasamband Íslands
17. febrúar 2018

Efnisyfirlit

Dagskrá 45. Siglingaþings.....	4
Stjórn SÍL kosin á 44. Siglingaþingi 2017	4
Landsliðs-/afreksnefnd	4
Yfirlit yfir iðkendur	5
Skýrsla formanns.....	6
Ársping Alþjóða siglingasambandsins (World Sailing)	7
Skýrsla Úlfs H. Hróbjartssonar, fulltrúa Norður- og Eystrasaltslanda í WS Council.....	7
World sailing.....	7
Development and Regions committee.....	7
Öryggismál.....	7
Útdeiling sæta fyrir OL 2020	8
Sjálfbærni	8
Ólympiuleikarnir 2024.....	8
Annað	9
Úrslit móta 2017	10
Kayakar	10
Kænur	13
Kjölbátar	15
Reikningar 2017	17
Rekstrarreikningur	17
Efnahagsreikningur	18
Áritun skoðunarmanna.....	19

Dagskrá 45. Siglingaþings

1. Formaður setur þing
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Kosning fastanefnda
 - a) Fjárhagsnefnd 3 manna
 - b) Laga og leikreglanefnd 3 manna
8. Lögð fram skýrsla stjórnar
9. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar- og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðendum reikninga félagsins
10. Umræður um skýrslu stjórnar
11. Umræður um og samþykkt reikninga
12. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
13. Lagabreytingatillögur
14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
15. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
16. Tillögur fjárhagsnefndar
17. Kosningar
 - a) Stjórn og varastjórn sbr. 6 gr.
 - b) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2)
 - c) Fulltrúa á íþróttaping í samræmi við reglur ÍSÍ
18. Þingslit

Stjórn SÍL kosin á 44. Siglingaþingi 2017

Jón Pétur Friðriksson	formaður
Andri Þór Arinbjörnsson	varaformaður
Kjartan Sigurgeirsson	gjaldkeri
Kristján Sigurgeirsson	ritari
Ragnar Hilmarsson	meðstjórnandi
Eyþór Agnarsson	varamaður
Ingvar Björnsson	varamaður
Rúnar Þór Björnson	varamaður

Landsliðs-/afreksnefnd

Jón Pétur Friðriksson
Birgir Ari Hilmarsson
Úlfur Helgi Hróbjartsson

Yfirlit yfir iðkendur

Héraðssamband/félög	2013	2014	2015	2016	2017
Íþróttabandalag Reykjavíkur					
Brokey, siglingafélag Reykjavíkur	173	198	198	205	170
Kajakklúbburinn	497	497	497	497	493
Ungmennafélag Kjalarnespings					
Siglingafélagið Ýmir	250	253	252	252	249
Íþróttabandalag Akureyrar					
Siglingafélagið Nökkvi	54	53	-	53	-
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar					
Siglingaklúbburinn Þytur	476	476	257	296	303
Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu					
Siglingadeild Snæfells	25	25	25	25	25
Héraðssamband Vestfirðinga					
Siglingafélagið Sæfari	50	50	-	50	50
Ungmennasamband Skagafjarðar					
Siglingaklúbburinn Drangey	69	66	66	97	97
Íþróttabandalag Akraness					
Siglingafélagið Sigurfari					11
Alls	1.594	1.618	1.295	1.475	1398

Í töfluna vantar Siglingadeild Völsungs, Sjósporsklúbb Austurlands og Kajakkklúbbinn KAJ, félag kajakræðara á Austurlandi, þar sem ekki eru til nein talnagögn fyrir þessi félög í Felix, félagaskrá ÍSÍ fyrir þetta tímabil.

Skýrsla formanns

Segja má að siglingaárið 2017 hafi byrjað vel. Að loknu vel heppnuðu Áramóti Ýmis á gamlárdaginn 2016 gekk nýtt ár í garð en ekki þurfti að bíða til sumars til að fá fréttir af siglingum. Unglingarnir í æfingahóp Þyts voru að æfingum allan veturinn og hjá Brokey hófust æfingar um páskana. Það var því vel sigldur hópur sem mætti á opunarmót kæna, sem er mjög gott því undanfarin ár hefur þurft að fella niður opunarmótið þar sem fæst félögin hafa verið byrjuð með starfsemi sína, en nú er orðin breyting þar á.

Sumarið gekk vel en þegar leið á haustið tók við erfitt tíðarfar og þurfti margsinnis að fresta lokamótum kæna og kjölbáta vegna veðurs. Fór svo að lokum að fella þurfti niður lokamót kjölbáta en kænurnar gætu klárað sitt mót. Það hefur verið ákveðin tregða gegn því að hafa kænu- og kjölbátamót á sömu helgi og því hefur mótaskráin verið í hálfgerðri spennitreyju. Frá því um miðjan maí og fram í byrjun júlí eru mót um hverja helgi og því ekkert svigrúm til að hnika þeim til. Ef hins vegar við leyfum okkur að hafa kænu- og kjölbátamótin samhliða gefst okkur kostur á að færa þau til, t.d. ef það þarf að fresta vegna veðurs.

Afreksstarf SÍL gekk vel á árinu. Í lok júní fór vaskur hópur frá Íslandi til Póllands. World Sailing heldur úti s.k. Emerging Nations Program sem við höfum notið góðs af. Þangað er boðið efnilegu siglingafólki frá smærri þjóðum sem eru ekki með eins góða aðstöðu og öflugustu þjóðirnar en eiga samt kost á að nálangt sé að þeim hlúð. Að þessu sinni voru það Þorgeir Ólafsson, Brokey, og Ísabella Sól Tryggvadóttir, Nökkva, sem fóru fyrir okkar hönd. Með í för var Björn Heiðar Rúnarsson, sem fór sem þjálfari, en partur af ENP er að sjá til að þjálfarar þáttökulandana fái fræðslu og stuðning. Hulda Lilja Hannesdóttir, Brokey, hefur einnig notið góðs af ENP-áætlun WS og var henni m.a. boðin þátttaka á Aarhus 2017 Test Event, sem var prufukeyrsla fyrir heimsmeistaramótið í siglinum sem haldi verður í Árósum í ár. Þess má til gamans geta að Hulda er skráð til þátttöku á HM og fer nú í lok febrúar til æfig og keppni í Cadiz á Spáni sem liður í undirbúningi fyrir Hm. Einnig tók hún þátt í Laser Radial Women European Championship & Trophy 2017 í Barselóna og stóð sig vel. Hulda hefur verið dugleg að taka þátt í mótum í Evrópu, sem er ómetanlegt fyrir keppanda sem stefnir á þátttöku í Ólympuleikunum í Tókýó 2020.

Það er SÍL mjög mikilvægt að halda úti öflugum afreksstarfi. Stjórnvöld juku framlag til til afreksþróttar og er það þegar farið að sjást í auknu framlagi til SÍL. Á móti eru gerðar meiri kröfur um gæði starfsins og er mikilvægt að félögin taki þátt í að efla og auka sitt afreksstarf. Þess má reyndar sjá merki þar sem þau eru jafnvel farin að ráða erlenda þjálfara og hefur það haft jákvæð áhrif á iðkendur jafn sem þjálfara sem hafa lært talsvert af því að starfa með þessu úrvalsfólki.

Þá má að lokum geta þess að Viking Offshore Race sem haldið er árlega milli Stavanger og Hjaltlandseyja ætlar að leggja lykkju á leið sína í ár og hafa viðkomu í Færeyjum og Íslandi. Það er því skemmtilegt siglingasumar framundan.

Á lokahófi SÍL var að venju veittur fjöldi viðurkenninga. Eftirtaldir eru verðlaunahafar 2017:

Kayakmaður ársins: Ólafur B. Einarsson
Kayakkona ársins: Unnur Eir Arnardóttir
Siglingamaður ársins: Björn Heiðar Rúnarsson
Siglingakona ársins: Hulda Lilja Hannesdóttir
Siglingaefni ársins: Ísabella Sól Tryggvadóttir
Íslandsbikarmeistari er áhöfnin á Sigurborg



Árþing Alþjóða siglingasambandsins (World Sailing)

Skýrsla Úlfs H. Hróbjartssonar, fulltrúa Norður- og Eystrasaltslanda í WS Council

World sailing

Árþing Alþjóða siglingasambandsins (WS) fór fram í Puerto Vallarta í Mexico dagana 4.-12. nóvember 2017. Úlfur H. Hróbjartsson sótti þingið fyrir hönd SÍL auk þess sem hann er fulltrúi Norðurlanda í Council og nefndarmaður í Development og Regions Committee (Þróunar- og svæðanefnd) sambandsins. Þingið starfaði nú í fyrsta skipti eftir nýju nefndarfyrrkomulagi og þar af leiðandi nýrri dagskrá. Almenn var ánægja með fyrrkomulag þingsins þó fólki þætti þingstaðurinn úr alfaraleið og óþarflega dýr. Var þessum ábendingum komið til framkvæmdastjórnar sem mun taka málið til skoðunar. Nú þegar er búið að velja næstu tvo staði sem eru annarsvegar Sarasota í Florida árið 2018 og svo Bermuda 2019. Báðir staðir hafa gert samning við World Sailing sem er því skuldbundið til að halda fast í þessa tvo staði næstu ár.

Development and Regions committee

Undir þróunarmál sambandsins falla menntunarmál þjálfara og aðstoð við þjóðir eins og okkur til að koma okkur áfram innan heims siglinganna. Því miður hefur verið ládeiða yfir þessum málaflokkum síðan Dan Jaspers hætti hjá WS fyrir tveimur árum, en nú hefur Rob Holden frá Suður Afríku tekið við keflinu og unnið heljarinnar starf á undanförunum mánuðum í að skapa framtíðarsýn og stefnu í málaflokknum.

Mikil áhersla er á að fá fleiri þjóðir til að taka þátt í starfi alþjóðasambandsins hvort sem það er í að koma upp alþjóðlega viðurkenndu þjálfara- og menntunarkerfi eða að auka þátttöku smærri ríkja í stórmótum á vegum World Sailing. Íslands hefur farið í gegnum ferli til að byggja upp þjálfara- og menntunarkerfi en til að fá kerfið hér heima viðurkennt þurfa félögin að taka upp þær starfsaðferðir sem notaðar eru erlendis. Mín persónulega skoðun er sú að siglingafélög hér á landi eigi að setja sér það markið að uppfylla námskrá og leiðbeiningar SÍL um kennslu og þjálfun siglinga.

Öryggismál

Nokkur atvik hafa átt sér stað þar sem siglingamenn hafa slasast á hraðskreiðum selgbátum. Með auknum hraða eins og t.d. foiling hefur skapast aukin slyshætta sem WS vill draga úr. Nokkur umræða skapaðist sérstaklega um atvik þar sem Bandarískur siglingamaður á Nacra 17 missti framan af þremur fingrum við æfingar í ágúst 2017. Málsatvik eru ekki að fullu kunn þegar þetta er ritað og verið er að rannsaka hvað gerðist í raun og veru. Af þessu tilefni hefur WS lagt til að farið verði í mikla vinnu til að skoða öryggis mál í og við keppni. Eftirfarandi atriðið verða teking til skoðunar:

Öryggisvettvangur	Safety Area
Skipuleggjendur keppni	Event Organizers
Keppnishald	Race Management
Öryggi keppnisstjórnar á sjó	On-water Race Officials safety
Þjálfaramenntun og öryggisbúnaður þjálfarabáts	Coach training requirements and coach boat safety equipment
Leiðbeiningar fyrir fyrstu hjálp / neyðaráætlun	First Aid / Emergency guidelines
Skylduskýrslur*	Mandatory Reporting (details below)
Persónulegur öryggisbúnaður tengdur bátategundum	Class specific personal safety equipment
Öryggisbúnaður tengdur bátategundum	Class specific boat safety equipment
Öryggisbúnaður fyrir yngra siglingafólk.	Youth specific safety considerations
Öryggisbúnaður fyrir fatlað siglingafólk.	Parasailing specific safety considerations

*Áætlað er að koma upp miðlægu skráningarkerfi fyrir slysa- og óhappaskýrslur á vegum WS.

Útdeiling sæta fyrir OL 2020

Á þinginu var farið yfir hvaða mót verða notuð til að deila út sætum fyrir Ólympíuleikana í Tokyo 2020. Ljóst er að heimsmeistaramótið í Árósum mun skipta meginmáli en þar verða margar þjóðir sem munu ná að vinna sér inn sæti á leikunum. Hér að neðan má sjá töflur um kvóta og keppnir.

	2018 WC	2018 Asian Games	2019 Pan Am Games	2019 WC	Europe	North America	South America	Africa	Asia	Oceania	Host	Tripartite	Total Boats	Total Athletes
Men														
Windsurfer	10	1	0	7	1	1	1	1	1	1	1	0	25	25
One Person Dinghy	14	1	2	5	2	1	1	2	2	2	1	2	35	35
One Person Dinghy (Heavyweight)	8	0	0	4	1	1	1	1	1	1	1	0	19	19
Two Person Dinghy	8	1	0	3	1	1	1	1	1	1	1	0	19	38
Skiff	8	1	0	3	1	1	1	1	1	1	1	0	19	38
Women														
Windsurfer	11	1	0	8	1	1	1	1	1	1	1	0	27	27
One Person Dinghy	18	1	2	10	2	1	1	2	2	2	1	2	44	44
Two Person Dinghy	8	1	0	5	1	1	1	1	1	1	1	0	21	42
Skiff	8	1	0	5	1	1	1	1	1	1	1	0	21	42
Mixed														
Multihull	8	0	0	5	1	1	1	1	1	1	1	0	20	40
													250	350

Continent	Continental Events					
	Africa	Asia	Oceania	Europe	North America	South America
Laser	Algeria					
Radial						
470M	South Africa					
470W						
RS:X W	Algeria	Abu Dhabi or TBD	Melbourne, Sydney or Auckland	Palma or SWC Hyeres	SWC Miami	Rio or Buenos Aires
RS:XM						
49erFX	TBD					
Nacra						
49er						
Finn						

Nokkuð var deilt um um format eða keppnisfyrirkomulag á leikunum þar var það 49 klassinn sem vildi gera breytingar á lokakeppni (medal race) 49er, þar sem þeir myndu í stað þess að sigla eina umferð myndu þeir sigla þrjár umferðir á styttri afmarkaðri braut (theater style.) Þessi hugmynd mætti mikilli andstöðu hjá 470 klassanum og móthöldurum í Japan. Má segja að þarna hafi verið birtingarmynd íhaldsseminnar á móti þeim sem vildu þróa greininga til að falla áhorfendum betur að skapi.

Sjálfbærni

Mikil áhersla er nú lögð á sjálfbærni og umhverfisvernd innan World Sailing. Öflugust er baráttan gegn plastinu en einnig var lögð fram Sjálfbærnistefna sambandsins sem er unnin með hlidsjón af sjálfbærnistefnu Alþjóða Ólympíuhreyfingarinnar og IMO. Of langt mál væri að fara í gegnum stefnuna hér en þess í stað er hér slóð á skjalið:

[http://sailing.org/tools/documents/SustainabilityAgenda2030-\[23247\].pdf](http://sailing.org/tools/documents/SustainabilityAgenda2030-[23247].pdf)

Ólympíuleikarnir 2024

Alþjóða Ólympíuhreyfing (IOC) hefur nú þegar gefið út að það verði keppt í siglingum á Ólympíuleikunum í París. Er það óvenju snemmt en gott þar sem það gefur WS tækifæri til að móta stefnuna fyrir leikana, en siglingakeppnin fer fram í Marseille við Miðjarðarhafsströnd Frakklands.

Það er ljóst að stefna IOC felur í sér að WS þarf að sýna fram á að siglingar eigi heima á Ólympíuleikunum. IOC hefur sett fram nokkur viðmið sem keppnisgreinar á Ol þurfa að uppfylla. Má þar nefna jafn kynjahlutfalla og að keppendur komi sem víðast að. Til að koma á móts við þessi viðmið lagði framkvæmdastjórn WS fram tillögur um viðmið sem skyldu vera í fyrirrúmi þegar val siglingagreina færi fram fyrir Ólympíuleikana 2024.

Þau voru meðal annars þau að jafna hlut kvenna og karla þ.e. að jafn margir keppendur væru í hverjum bátaflokki og að blandaðar keppnir væru tvær eða fjórar. Ekki var ákveðið hvaða bátar yrðu notaðir en ljóst er að von er á miklum breytingum fyrir Ólympíuleikana 2024.

Annað

Framkvæmdastjórn lagði fram tillögur að Jurical board og Ethics Commission til samþykktar af council. Þar var Úlfur H. Hróbjartsson tilnefndur og síðan samþykktur til setu í Ethics Commission.

Einnig var rætt við yfirmælingamann IRC og velt upp spurningu hvort það væri þess virði að fá hann í heimsókn til Íslands til mælinga og að halda erindi um forgjöfina.

Næsti fundur WS verður í London í maí en þar verður farið yfir hvaða bátar verða á Ólympíuleikunum í Tokyo 2020. Ekki er gert ráð fyrir miklum breytingum en þó hefur verið samþykkt að siglingar geti sýnt auka greinar í offshore og kiteboarding.

Úlfur H. Hróbjartsson

Úrslit móta 2017

Kayakar

Yfirleitt er fyrirkomulagið þannig að fimm af sex keppnum geta gefið stig en fella þurfti niður Hallar-bikarinn og tæknekeppnina og því voru öll fjögur mótin talin. Stigahæstu keppendur ársins 2017 eru:

	Heildar stigasöfnun ársins	Reykjavíkurbikar	Sprettur	Hallar-bikarinn	Hálf-mararöð	Bessa-staða-keppnin	Veltur og tækni	Samtals
Karlar								
1	Ólafur B. Einarsson	100	80	0	100	100	0	380
2	Sveinn Axel Sveinsson	60	100	0	80	80	0	320
3	Eymundur Ingimundarson	80	60	0	0	60	0	200
Konur								
1	Unnur Eir Arnardóttir	0	100	0	100	100	0	300
2	Björg Kjartansdóttir	100	50	0	0	0	0	150
3	Helga Björk Haraldsdóttir	60	60	0	0	0	0	120

REYKJAVÍKURBIKARINN

Konur – Ferðabátar 10 km						
Röð í flokki	Nafn	Bátur	Euro-ár	Grænlenk	Vængár	Tími
1	Björg Kjartansdóttir	Epic V7			X	01:10:11
2	Klara Bjartmarz	Rockpool Taran 18			X	01:16:42
3	Helga B. Haraldsdóttir	Rockpool Tarantella			X	01:25:39
4	Helga Garðarsdóttir	Epic V7			X	01:32:21
5	Kolbrún	NDK Romany		X		02:06:43
Karlar – Ferðabátar 10 km						
1	Ólafur Einarsson	Wave			X	00:53:59
2	Eymundur Ingimundarson	Rockpool Taran			X	00:55:31
3	Sveinn Axel Sveinsson	Rockpool Taran			X	00:58:27
4	Andri	Rockpool Taran			X	01:01:26
5	Þorbergur Kjartansson	Epic X18			X	01:02:19
6	Guðmundur Breiðdal	Kirton Inuk			X	01:04:30
7	Ágúst Ingi Sigurðsson	Kirton Inuk			X	01:03:53
8	Halldór Guðfinnsson	Epic V7			X	01:09:05
9	Kjartan Kristjánsson	Epic V7			X	01:13:31
10	Valli Sport	NDK Romany	X			01:16:50
11	Jóhann Kristinsson	Epic V7			X	01:24:20
Karlar – Keppnisbátar 10 km						
1	Bernharð Kristinn	Dominator			X	
Konur – 4 km						
1	Eva Leplat	Whiskey	X			0:28:30
2	Lilja	Romany	X			0:30:44
Karlar – 4 km						
	Friðþjófur	PH Quest			X	0:19:36
	Helgi Þór	Epic V7			X	0:19:45
	Eyþór Gunnarsson	Valley Nordkap	X			0:27:37
	Gunnar Ingi Gunnarsson	PRS spirit 70	X			0:28:31

SPRETRÓÐUR

Karlur – 500 m					
Röð í flokki	Nafn	Bátur	Euro-ár	Vængár	Tími
1	Sveinn Axel Sveinsson	Walley Club	X		02:43
2	Ólafur Einarsson	Walley Club	X		02:53
3	Eymundur Ingimundarson	Walley Club	X		02:54
4	Guðmundur S. Ingimarsson	Walley Club	X		03:06
5	Ágúst Ingi Sigurðsson	Walley Club	X		03:13
6	Daníel Pálsson	Walley Club	X		03:13
7	Þorbergur Kjartansson	Walley Club	X		03:18
8	Valgeir Magnússon	Walley Club	X		03:20
9	Jónas Guðmundsson	Walley Club	X		03:26
Konur – 500 m					
1	Unnur Eir Arnardóttir	Walley Club		X	03:22
2	Sarah Mccarty	Walley Club		X	03:25
3	Helga B. Haraldsdóttir	Walley Club		X	03:28
4	Björg Kjartansdóttir	Walley Club		X	03:28



Kátir þátttakendur í kvennaflokki í Spretinum 2017

HÁLFMARAFON

	Nafn	Bátur	Euro-ár	Grænl.	Vængár	Tími Gróttu	Tími Naut-hólsvík
Karlur – Ferðabátar							
1	Sveinn Axel Sveinsson	Wave 55			X	01:19:57	02:22:57
2	Ólafur Einarsson	Rockp.Taran			X	01:22:52	02:33:30
3	Eymundur Ingimundarson	Walley Q	X			01:30:05	02:50:58
4	Guðmundur S. Ingimarsson	Explorer		X		01:45:18	03:28:12
5	Ágúst Ingi Sigurðsson	Seawolf	X			01:45:53	DNF
6	Daníel Pálsson	W.Nordkap			X	01:49:14	DNF
Karlur – Keppnisbátar							
1	Gunnar Svanberg	EPIC V8 pro			X	01:21:41	02:38:42
Konur – Ferðabátar							
1	Unnur Arnardóttir	Lettmann Eski	X			01:37:49	03:14:39

BESSASTAÐABIKARINN

Flokkur	Nafn	Ár	Bátur	Tími	Kyn	Flokkun báta
	Ólafur Einarsson	Vængár	Surfski	00:29:15	kk	ferðabátur
	Gunnar Svanberg	Vængár	Epic V8	00:29:35	kk	keppnisbátur
	Sveinn Axel Sveinsson	Vængár	Rockpool Taran	00:31:10	kk	ferðabátur
	Eymundur Ingimundarson	Vængár	Epic V7	00:31:25	kk	ferðabátur
	Örlygur Steinn Sigurjónsson	euro	Valley Q	00:33:24	kk	ferðabátur
	Águst Ingi Sigurðsson	Vængár	Kirton Inuk	00:34:45	kk	ferðabátur
	Guðmundur Breiðdal	Vængár	Kirton Inuk	00:34:50	kk	ferðabátur
	Þorbergur Kjartansson	Vængár	Epic X18	00:35:43	kk	ferðabátur
	Unnur Eir Arnardóttir	euro	Lettmann Eski	00:35:58	kvk	ferðabátur
	Egill Þorsteinsson	Vængár	Rockpool Taran	00:36:38	kk	ferðabátur
B	Anton Sigurðsson	Vængár	Epic V7	00:38:15	kk	ferðabátur
B	Svanur Wilcox	euro	Prion	00:39:30	kk	ferðabátur
	Edwin Zanen	Vængár	Epic V7	00:40:45	kk	ferðabátur
B	Erna Jónsdóttir	euro	?	00:41:45	kvk	ferðabátur
	Helgi Þór Ágústsson	Vængár	Epic V7	00:41:50	kk	ferðabátur
B	Arnþór Ragnarsson	euro	?	00:48:39	kk	ferðabátur
B	Eyþór Gunnarsson	euro	Epic V5	00:53:24	kk	ferðabátur
B	Gunnar Ingi Gunnarsson	grænlenk	Valley	00:53:30	kk	ferðabátur
B	Eva Sigurðsson	euro	Whisky	00:55:45	kvk	ferðabátur



Kayakklúbburinn Sviði á Álftanesi sem hefur haldið utan um Bessastaðabikarinn undanfarin ár var í samstarfi við Þyt í Hafnarfirði með nýja leið í keppninni 30. september. Róðrarleiðin var frá aðstöðu Sviða á Álftanesi og inn í höfnina í Hafnarfirði og alveg að rampnum við aðstöðu Þyts. Leiðin sem róin var er u.þ.b. 5,4km og fyrstu keppendurnir kláruðu þetta á hálf tíma og síðustu á tæpum klukkutíma.

OPNUNARMÓT – ÝMIR

opinn flokkur									
keppandi	félag	bátur	1. umferð	2. umferð	3. umferð	4. umferð	stig	sæti	
Hulda Lilja Hannesdóttir	Brokey	Laser Radial	1	1	1	1	4	1	
Björn Heiðar Rúnarsson	Nökkvi	Laser Standard	2	2	2	2	8	2	
Ásgeir Kjartansson	Brokey	Laser 4.7	3	3	3	5	14	3	
Þorsteinn Aðalsteinsson	Ýmir	Laser Radial	5	4	4	3	16	4	
Tara Ósk Markúsardóttir	Þytur	Laser Radial	4	5	5	4	18	5	
Berglind Traustadóttir	Þytur	Laser Radial	6	6	6	6	24	6	
Optimist									
Elís Hugí Dagsson	Þytur	Optimist	2	1	1	1	5	1	
Magnús Bjarki Jónsson	Þytur	Optimist	1	2	2	2	7	2	



ÆFINGABÚÐAMÓT– NÖKKVI

keppandi	flokkur	félag	1.umf.	2.umf.	3.umf.	4.umf.	5.umf.	6.umf.	stig	Sæti
Emil Andri Ólafsson	Opti A	Nökkvi	1	1	2	2	(2)		6	1
Hólmfríður Kolbrún	Opti A	Brokey	4	2	(4)	1	1		8	2
Axel Stefánsson	Opti A	Brokey	3	3	1	4	(4)		11	3
Árni Friðrik	Opti B	Brokey	2	2	2	(5)	2		8	1
Sigurgeir	Opti B	Nökkvi	1	3	(3)	1	7		8	2
Jón Ólafur	Opti B	Nökkvi	7	7	1	2	(7)		17	3
Björn Heiðar	Standard	Nökkvi	1	1	1	1	1	(1)	5	1
Hulda Hannesdóttir	Radial	Brokey	1	1	2	2	2	(2)	8	1
Þorlákur Sigurðsson	Radial	Nökkvi	(9)	6	1	1	1	1	10	2
Ásgeir	Radial	Brokey	3	2	4	3	3	(4)	15	3
Ísabella Sól	4,7	Nökkvi	1	1	(2)	1	1	1	5	1
Björn Smári	4,7	Nökkvi	2	2	5	2	2	(DNF)	13	2
Elís	4,7	Þytur	DNF	3	3	3	DNF	(DNF)	21	3
Eyrún og Sóley	Feva	Nökkvi/ Þytur	1	1	1	1	(1)		4	1

ÍSLANDSMÓT – ÞYTUR

flokkur	1. sæti	2. sæti	3. sæti
Optimist A	Emil Andri Ólafsson, Nökkva	Axel Stefánsson, Brokey	Hólmfriður Gunnarsdóttir, Brokey
Optimist B	Daði Jón Hilmarsson, Nökkva	Hjalti Björn Bjarnason, Brokey	Salina Schwoerer, Nökkva
Laser radial	Þorlákur Sigurðsson, Nökkva	Þorgeir Ólafsson, Brokey	Lilja Gísladóttir, Nökkva
opinn flokkur	Björn Heiðar Rúnarsson, Laser Standard, Nökkva	Ísabella Sól Tryggvadóttir, Laser 4.7, Nökkva	Tara Ósk Markúsdóttir, Laser 4.7, Þyt



ÁRAMÓT – ÝMIR

Ekki reyndist unnt að halda áramót að þessu sinni þar sem höfnin í Kópavogi var frosin.

Kjölbátar

OPNUNARMÓT KJÖLBÁTA – ÞYTUR

sæti	bátur	forgjöf	félag	sigldur tími	leiðr. tími
1	Dögun	0.839	Brokey	03:24:40	02:51:43
2	Sigurborg	0.932	Ýmir	03:06:03	02:53:24
3	Lilja	0.970	Brokey	03:01:20	02:55:54
4	Ögrun	1.000	Brokey	03:05:40	03:05:40
5	Ásdís	0.823	Þytur	03:57:54	03:15:48

FAXAFLÓAHAFNIR – BROKEY

úrslit	bátur	félag	1. umferð	2. umferð	samtals
1	Besta	Brokey	1	1	2
2	Sigurborg	Ýmir	3	2	5
3	Lilja	Brokey	2	3	5
4	Ásdís	Þytur	4	4	8



ÍSLANDSMÓT KJÖLBÁTA – ÝMIR, heildarúrslit

Sæti	Bátur	1. umferð	2. umferð	3. umferð	4. umferð	5. umferð	6. umferð	7. umferð	8. umferð	Stig
1	Besta	1	1	1	1	3	5	3	(5)	15
2	Dögun	3	2	2	3	2	1	2	(3)	15
3	Íris	4	3	4	(4)	1	2	1	2	17
4	Aquarius	2	5	(6)	5	4	3	4	1	24
5	Sigurborg	5	4	5	2	5	(6)	5	4	30
6	Icepick	(7)	6	3	6	6	4	6	6	37
7	Ögrun	6	7	7	7	7	(8)	7	7	48
8	Ásdís	8	8	8	8	8	7	8	(8)	55

LOKAMÓT KJÖLBÁTA – ÝMIR

Í fyrstu tilraun þurfti að fresta mótinu vegna veðurs en þegar næsta tilraun var gerð til að halda mótið varð að blása það af þar sem enginn hafði skráð sig til þátttöku, sem verður að teljast mjög dapurlegt.

ÍSLANDBÍKARINN 2017

Sæti	Bátur	Félag	Opnunarmót	Faxaflóamót	Íslandsmót	Lokamót	Samtals
1	Sigurborg	Ýmir	8	8	5		21
2	Besta	Brokey		10	10		20
3	Dögun	Brokey	10		8		18
4	Lilja	Brokey	7	7			14
5	Ásdís	Þytur	5	6	2		13
6	Ögrun	Brokey	6		3		9
7	Íris	Brokey			7		7
8	Aquarius	Brokey			6		6
9	Icepick	Þytur			4		4



Það fer vel á því að ljúka þessari upptalningu úrslita með mynd af fána Ýmis en bikarmeistari 2017 er áhöfnin á Sigurborg sem keppir einmitt fyrir Ými.

Reikningar 2017

Rekstrarreikningur

1.1.2017-31.12.2017

Rekstrartekjur	2017	2016	2015
ÍSí útbreiðslustyrkur	3.210.149	2.956.233	2.838.102
ÍSí Lottó	3.432.954	3.267.302	2.935.363
Styrkur frá stjórnvöldum	2.800.000	2.600.000	2.650.000
Styrkur frá einkaaðilum	0	444.000	250.000
Vörusala (hagnaður)	105.005	282.641	131.126
IRC forgjafir	172.518	213.020	188.610
Námskeiðstekjur	0	0	132.000
Æfingabúðir	0	0	297.730
	9.720.626	9.763.196	9.422.931
Rekstrakostnaður			
Launakostnaður	5.722.426	5.946.965	5.230.976
Leiga skrifstofu og skrifstofukostn.	620.261	629.517	569.284
Fundir erlendis	1.004.873	1.441.020	1.103.060
Fundir innanlands	0	13.575	93.650
Kostnaður v/mótahalds	0	0	36.000
Námskeið, æfingabúðir og keppnir	872.928	827.007	928.364
Kynningarkostnaður	0	0	350.000
Styrkir og gjafir	42.700	43.856	71.345
Kostnaður v/forgjafar	68.079	112.837	116.026
Félags og aðildargjöld	147.765	268.500	205.699
	8.479.032	9.283.277	8.704.404
Hagnaður/-Tap fyrir fjármagnsgjöld	1.241.594	479.919	718.527
Fjármunatekjur	35.445	28.916	99.639
Vaxtagjöld og verðbætur	-57.839	-60.592	-19.826
Fjármunatekjur/ - gjöld	-22.394	-31.676	79.813
Hagnaður/-Tap ársins	1.219.200	448.243	798.340

Efnahagsreikningur

31.12.2017

Eignir	2017	2016	2015
Veltufjármunir			
Birgðir			
Vörubirgðir	2.830.365	2.754.070	2.994.005
	<u>2.830.365</u>	<u>2.754.070</u>	<u>2.994.005</u>
Skammtímakröfur			
Viðskiptakröfur	901.048	3.928.756	1.532.129
Viðskiptareikningur ÍSÍ			
	<u>901.048</u>	<u>3.928.756</u>	<u>1.532.129</u>
Handbært fé			
Bankainnistæður	5.043.465	913.817	2.622.266
	<u>5.043.465</u>	<u>913.817</u>	<u>2.622.266</u>
Eignir Alls	<u>8.774.878</u>	<u>7.596.643</u>	<u>7.148.400</u>
Skuldir og eigið fé	2017	2016	2015
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé	8.455.797	7.236.597	6.788.354
Eigið fé alls	<u>8.455.797</u>	<u>7.236.597</u>	<u>6.788.354</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir	319.081	360.046	360.046
Viðskiptaskuldir alls	<u>319.081</u>	<u>360.046</u>	<u>360.046</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>8.774.878</u>	<u>7.596.643</u>	<u>7.148.400</u>

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2017 höfum yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við.

Reykjavík 17. febrúar 2018



Gunnar Haraldsson



Pétur Th. Pétursson